

**Nd.**

## **576. Nefndarálit**

um frv. til l. um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og telur eðlilegt, að skipt sé störfum þeim, sem frv. ræðir um, á þann veg, sem þar er gert ráð fyrir. En með því að hér er um að ræða embættismenn, sem eiga að hafa á höndum óvenju vandasöm og vegleg embætti, í höfuðstað landsins, þykir rétt að gera það að almennu skilyrði fyrir veitingu embættanna, að umsækjendur fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum nr. 85 frá 23. júní 1936, 32. gr., um fasta héraðsdómara. Þó telur nefndin, að svo geti staðið á, að réttlætanlegt megi teljast að víkja í einhverju frá skilyrðum greindrar lagagreinar að því er snertir lögreglustjóra, með tilliti til þeirrar skiptingar á störfum embættismannanna, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Hún leggur því til, að heimild sé í frv. til þess að gera undanþágu að því er skilyrðin fyrir lögreglustjóra snertir, en ætlast til, að reglur þær um skilyrði, sem sá embættismaður þarf að fullnægja, séu settar fram í konunglegri tilskipun. En auðvitað ætlast nefndin til, að heimild þessi sé því aðeins notuð, að í stað lögfræðimenntunar og annara sérstakra dómarskilyrða sé í tilskipuninni krafizt sérstakrar þekkingar eða menntunar, sem telja má svo mikils virði fyrir forustumenn lögreglunnar, að það jafngildi hinum sérstöku dómarskilyrðum.

Samkvæmt framanrituðu mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt með svo látandi

### **BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í Reykjavík skulu vera lögmanssembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti. Konungur veitir þessi embætti, og skulu embættismennirnir fullnægja dómarskilyrðum samkv. 32. gr. laga nr. 85 23. júní 1936. Undanþágu má þó veita frá framangreindum skilyrðum að því er lögreglustjóra snertir, enda séu þá sett sérstök skilyrði fyrir veitingu þess embættis með konunglegri tilskipun.

2. Við 7. gr. Orðið „Verzlunarstaðurinn“ falli burt.

3. Við 10. gr. Greinin orðist svo:

Ofangreindir embættismenn skulu fá sér skipaða fulltrúa til að framkvæma sérstök störf, eftir því sem nauðsyn krefur.

Alþingi, 22. des. 1939.

Bergur Jónsson,  
form., frsm.

Vilm. Jónsson,  
fundaskr.

Sveinbjörn Högnason.

Garðar Þorsteinsson,  
með fyrirvara.

Thor Thors.